

Mánudaginn 6. maí 1957.

Nr. 177/1953. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson hrl.)

gegn

**Henricus Boeyden** (Lárus Fjeldsted hrl.)

**Dóme ndur:**

hæstaréttardómarnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Botnvörpuveiðibrot.

### Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson.

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa framhaldspróf verið háð. Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, hefur gefið álitserð í málinu og svo Jos. Legrand siglingafræðingur.

#### I.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf forstjóra Landhelgisgæzlunnar til Dómsmálaráðuneytis, dags. 2. febrúar 1953, þar sem segir, að togarinn O 298 hafi hinn 30. janúar s. á. verið að togveiðum á  $63^{\circ}45'2$  n. br. og  $17^{\circ}17'1$  v. lg, en það sé 3,8 sm innan fiskveiðimarkanna á þeim stað. Þá segir í bréfinu, að nákvæm skýrsla um athugun og staðsetningu togarans liggja fyrir, ef á þurfi að halda. Skýrsla þessi var lögð fram í héraðsdómi. Samkvæmt henni var staður löggæzluvélarinnar yfir togara ákærða kl. 16.15 nefndan dag ákvarðaður með tveimur kompásmiðunum, annarri af Lómagnúp og hinni af Súlnatindi, og svo með láréttri hornmælingu milli Lómagnúps og Knappa í Örafajökli, sem hvort tveggja eru þríhyrningamælistaðir. Kompásmiðanirnar framkvæmdi forstjóri Landhelgisgæzlunnar, en mælinguna þaulæfður mælingamaður. Friðrik V. Ólafsson skólastjóri hefur markað mælingar þessar á sjókort. Samkvæmt því liggur staðarlína hornmælingarinnar öll innan fiskveiði-

markanna og 2,2 sm innan þeirra, þar sem hún er næst þeim, en kompásmiðanirnar, sem eiga að skera úr um það, hvar í fyrrnefndri staðarlinu togari ákærða var, sýna í sambandi við hornmælinguna, að togarinn hefur verið 4,2—4,4 sm innan fiskveiðimarkanna. Samkvæmt framanrituðu verður að telja, að staðarákvörðun löggæzlumanna veiti örugga sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið í landhelgi á nefndum tíma. Þá er og sannað, að hann var þar að veiðum.

## II.

Með eiðfestum framburði skipshafnar á v/b Íslendingi, Re. 36, þeim sem rakinn er í héraðsdómi, er sannað, að togari ákærða hefur verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna árdegis hinn 3. september 1953 á þeim stað eða rétt við hann, þar sem skipshöfnin setti dufl út. Yfirmenn varðskipsins Sæbjargar gerðu staðarákvörðun við duflið rétt eftir kl. 11.30 sama dag, og var hún gerð með tvöfaldri hornmælingu milli þriggja greinilegra mælistaða. Hefur nú Friðrik V. Ólafsson skólastjóri markað á sjóuppdrátt stað duflsins, og reyndist hann vera um 2.0 sm innan fiskveiðimarkanna.

## III.

Með verknuðum þeim, sem greinir í I og II, hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 82/1952, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924 og 77. gr. laga nr. 19/1940.

Með skírskotun til þess, að eigi kemur til upptöku afla og veiðarfæra vegna brota ákærða, og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt, frá því héraðsdómur var upp kveðinn, þannig að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðla-krónum, ber að staðfesta refsíákvæði héraðsdómsins að öðru en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans í héraði, kr. 3000.00, og málflytningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00 til hvors.

## Dómsorð:

Refsiákvæði hins áfrýjaða dóms eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Henricus Boeyden, greiði allan kostnað af sökinni bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans í héraði, Theódórs Georgssonar lögfræðings, kr. 3.000.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar og Lárusar Fjeldsteds hæstaréttarlögmannna, kr. 10.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur sakadóms Vestmannaeyja 3. október 1953.**

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, er höfðað af ákærvaldinu samkvæmt ákæruskjali, útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu 1. þ. m., og framhaldsákæruskjali, útgefnu af því 2. þ. m., gegn Henricus Boeyden, skipstjóra á belgíska togaranum Van Dyck, O 298, fyrir meint brot gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum fimmtudaginn 3. september s. l., kl. um 8 að morgni, í Miðnes-sjó, 2,3 sjómíliur innan landhelgislínu, og enn fremur miðvikudaginn 30. janúar s. l., kl. 16,15, útaf vestri Melós á Skeiðarársandi, 3,8 sjómíliur innan landhelgislínu samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, og auk þess verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Henricus Boeyden, er fæddur í Ostende 4. júní 1912 og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot hér á landi.

Að áliðnum degi þriðjudaginn 29. september s. l. bárust Landhelgisgæzlunni fréttir um, að togarinn Van Dyck, O 298, myndi leita hafnar í Vestmannaeyjum með veikan mann. Þá um daginn, á fimmta tímanum þann dag, lét Landhelgisgæzlan tilkynna skrifstofu lögreglustjóra í Vestmannaeyjum, að togarans væri von, og óskaði jafnframt eftir, að togarinn yrði kyrrsettur vegna þriggja óafgreiddra kæra út af landhelgisbrotum, er lögju fyrir

á togara þenna. Í samráði við Dómsmálaráðuneytið var síðan ákveðið að kyrrsetja skipið, ef það kynni að leita hér hafnar. Um fimmleytið kom togarinn inn á Víkina, og kl. um 6 e. h. lagðist hann við bryggju á innri höfninni í Vestmannaeyjum. Var þá farið um borð í togarann og skipstjóranum tilkynnt, að skip hans yrði kyrrsett vegna rannsóknar út af meintu landhelgisbroti skipstjóra togarans. Neitaði skipstjóri allri sök og kvaðst myndi krefjast skaðabóta fyrir stöðvun skipsins. Skipstjóri togarans, ákærði í máli þessu, var færður fyrir dóm þá um kvöldið og honum skýrt frá því, að kæra hefði borizt um landhelgisveiðar skipsins 30. janúar s. l. Neitaði ákærði því að hafa verið skipstjóri á skipinu í þeim mánuði, og kvaðst hann vita, hver þá hefði verið skipstjórinn, en vildi ekki segja frá því. Var ákærða þá sýnd aðkomuskýrsla skipsins hingað 13. janúar s. l., sem bar með sér, að hann hefði verið skipstjóri þá. Viðurkenndi hann þá að hafa verið skipstjóri á skipinu um áramótin síðustu og kvaðst hafa farið eina veiðiferð í janúar, en kvaðst hafa verið farinn af skipinu 30. janúar. Kvaðst ákærði ekki hafa sjódagbók (logbók) með sér, hefði hún verið skilin eftir til athugunar í heimahöfn. Hins vegar bar skipshafnarskrá skipsins með sér, að hann hefði verið skipstjóri á skipinu frá 5. ágúst s. l.

Daginn eftir að skipið var kyrrsett, komu í dóminn 2 kærur á skipstjóra skipsins fyrir landhelgisbrot hinn 22. júlí og 3. sept. s. l. Beindist rannsóknin í fyrstunni að ákærða fyrir brot þessi, en síðar upplýstist, að stýrimaður togarans var skipstjóri á skipinu, er brotið frá 22. júlí átti að hafa verið framið. Að lokinni rannsókn var því einungis höfðað mál á hendur ákærða fyrir fiskveiðabrot hinn 3. september og síðan með framhaldsákæru fyrir brot hinn 30. janúar s. l., og skulu þau rakin hér á eftir.

### I.

Fimmtudaginn 3. september s. l. var varðskipið Sæbjörg statt innan til við Garðskaga. Kl. 08.55 kallaði m. b. Íslendingur, Re 36, og skýrði frá því, að erlendur togari væri að veiðum í landhelgi í Miðnessjó. Lagði varðskipið þegar af stað áleiðis á vettvang og bað skipverja á Íslendingi að setja út dufl í kjölfar togarans og taka af honum nafn og númer. Kl. 11.30 var komið að m. b. Íslendingi, sem skýrði frá því, að skipverjar hefðu sett út dufl í kjölfar togarans og tekið af honum nafn og númer, sem þeir kváðu vera Van Dyke (sic.), O 298. Var þá farið að duflinu, sem Íslendingur hafði sett út, og eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

Keilir	>	22° 10'
Reykjanesviti	>	38° 40'
Eldeyjarmiðja		

Og gefur það stað skipsins 2.3 sjómílar innan landhelgislínu.

Staðarákvörðun var gerð samtímis af skipstjóra varðskipsins, Eyjólf Hafstein, og stýrimanni þess, Árna Valdimarssyni.

Þegar Sæbjörg kom að duflinu, var togarinn horfinn sýnum.

Ofanrituð skýrsla hefur verið staðfest með eiði af skipstjóra og stýrimanni varðskipsins.

Skipstjórinn á m/b Íslendingi, Jóhannes Guðjónsson, sem staðfesti framburð sinn með eiði, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur á báti sínum í Miðnessjó fimmtudaginn 3. f. m. Hafi hann þá séð togara koma í áttina til bátsins í stefnuna SSA, og er togarinn nálgast og var kominn á hlið við bátinn í ca 200 faðma fjær landi en báturinn var, sá hann þá, að togarinn var með stjórnborðsvörpu úti. Vitnið, sem kvaðst vera kunnugt á þessum slóðum, kveður sér hafa verið ljóst, að togarinn hafi verið langt innan við fiskveiðitakmörk, og kallaði því á varðskipið Sæbjörgu í talstöð sinni og skýrði frá því, að erlendur togari myndi vera að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna með botnvörpu. Varðskipið bað vitnið að taka nafn og númer togarans og setja dufl í kjölfar hans. Vitnið lét bát sinn fara á fullri ferð að togaranum, sem þá hafði snúið við og hélt í þveröfuga átt, og setti út dufl í kjölfar togarans, að því er vitnið segir, á að gizka 300 faðma aftan við hann. Vitnið kvaðst að vísu ekki hafa séð kjölfarið, en skýrir frá því, að allir á bátnum hafi horft á togarann sigla yfir þenna stað, eftir að hann hafði beygt út. Hélt báturinn síðan að bakborðshlið togarans, og kveðst vitnið hafa séð númerið, O 298, á bakborðsbógnum og nafnið, Van Dyke (sic), framan á stjórnþalli. Hafi nafn og númer verið málað, númerið með svörtum stöfum og nafnið með dökkum stöfum. Bolur skipsins hafi verið hvítgrár. Báturinn sigldi nú fram með togaranum og aftur með honum stjórnborðsmegin, og flaut þá vörpupokinn uppi með fiskinum í við skipshlið. Kveðst vitnið hafa séð, að á hekki togarans stóð orðið „Ostende“. Kvaðst vitnið hafa kallað um borð í togarann og hafi maður komið af stjórnþalli aftur í togarann og talað við vitnið á enskri tungu um aflabröggð. Hafi vitnið spurt um dýpi og fengið það svar, að það væri 74 faðmar. Kveðst vitnið þá hafa spurt, hvort hann vissi, hvað langt hann væri innan við landhelgislínu, en hefði ekki fengið svar. Hélt vitnið síðan aftur að duflinu og var þar, þangað til varðskipið kom. Sá vitnið togarann toga eftir þetta á að gizka 20 mínútur

í stefnuna NV, og hafi hann síðan beygt til vesturs og horfið sýnum.

Skipverjar á m/b Íslendingi, stýrimaðurinn Jón Kristjánsson, hásetinn Kjartan Steinólfsson og vélstjórinn Bjarni G. Guðjónsson, hafa allir gefið skýrslu fyrir dómi og unnið eið að framburði sínum. Ber þeim öllum saman um það, að skipstjóri hafi kallað niður í hásetaklefa um morguninn þess 3. sept. s.l. og skýrt frá því, að togari væri að veiða í landhelgi rétt hjá þeim. Ber þeim öllum saman um það, að siglt hafi verið að togaranum og dufl sett út í grennd við hann. Allir sáu þeir, að togarinn var að toga. Þeir Jón Kristjánsson og Kjartan Steinólfsson kveða duflið hafa verið sett út á stað, sem togarinn hafi farið um, og Bjarni Guðjónsson kveðst hafa séð daufa kjölfarsrák togarans, þar sem duflið var sett út. Vitnið Jón Sveinbjörn Kristjánsson kveðst greinilega hafa séð einkennisbókstafi togarans á bakborðsbóg hans og nafn hans framan á stjórnþalli, og hafi skipstjóri skrifað hvort tveggja hjá sér, en vitnið mundi ekki einkennisstafina, er það kom fyrir rétt. Og nafnið mundi ekki vitnið, að öðru leyti en því, að það voru tvö orð, og var fyrra orðið Van, og hið síðara byrjaði á D. Vitnið Kjartan Steinólfsson kvaðst hafa séð nafn og einkennisstafi togarans og ber, að einkennisstafirnir hafi verið O 298 á bógnum og nafnið Van Dyck málað framan á stjórnþallinn. Aftur á hekkinu hafi verið staðarnafn, sem byrjaði á O, og minnir vitnið, að í nafninu væri „stende“, eða eitthvað því um líkt. Vitnið Bjarni Guðjónsson mundi hvorki einkennisstafina né nafnið, en man þó, að nafnið var tvö orð, og var hið fyrra Van. Enginn af skipverjum Íslendinga gerði staðarmælingar við duflið.

Ákærði neitar því algjörlega að hafa verið að veiðum í landhelgi umræddan dag. Hins vegar kvaðst hann hafa verið að veiðum á miðunum við Reykjanes. Minnist hann þess, að þenna dag, hinn 3. september s.l., hafi fiskibátur komið að togaranum og spurt um aflabrögð. Hafi hann þá verið að toga. Logbók skipsins frá þeim tíma kvaðst hann ekki hafa undir höndum, því að hún hafi verið skilin eftir í Ostende til eftirlits. Tók hann fram, að fiskibáturinn hafi engin tæki haft til að ákveða staðinn, og að ekkert varðskip hafi verið í nánd. Er fiskibáturinn kom að honum, kvað ákærði, að togarinn hefði verið staddur 14 sjómílu NV  $\frac{1}{2}$  N frá Eldey og dýpi hafi verið 82 faðmar. Hafi fjarlægðin verið mæld með ratsjá skipsins. Kveðst hann hafa verið að toga á sömu slóðum í 36 klukkustundir, eftir að hann talaði við fiskibátinn, og aldrei séð neitt varðskip. Véfengdi hann framburð vitnanna, og meðal annars benti hann á, að eitt vitnið hafi borið,

að númer skipsins hafi verið skráð með svörtum stöfum, en á sínu skipi sé númerið skráð með hvítum stöfum á svörtum grunni. Þá benti ákærði á, að samkvæmt véladagbókinni, sem var til staðar í réttinum, hafi hann togað 24 tíma þenna dag, og hafi hann ekki farið þaðan fyrr en kl. 5 daginn eftir. Í véladagbókinni stóð hins vegar, að hann hefði aðeins togað 10 tíma hinn 4. september, en keyrt með fullri ferð í 14, og kvaðst þá ákærði ekki bera ábyrgð á færslu véladagbókarinnar, og hlyti hún því að vera röng, að því er þetta snerti.

Af skipverjum togarans voru leiddir sem vitni stýrimaðurinn Henri Devriendt og bátsmaðurinn Frans Eyland. Bera þeir báðir, að þeir viti til þess, að fiskibátur hafi komið að togaranum í síðustu veiðiferð skipsins og haft tal af skipstjóra. Hvorugt vitnið kveðst hafa séð fiskibátinn setja út duflið. Stýrimaðurinn kvaðst ekki geta sagt um, hvort togarinn hafi verið innan landhelgi eða ekki. Bátsmaðurinn gat ekki, er honum var sýnt sjókort í réttinum, er náði frá Portlandi til Reykjavíkur, sýnt staðinn, þar sem togarinn var, er fiskibáturinn kom að honum. Stýrimaðurinn kvað togarann hafa haldið áfram að toga, er fiskibáturinn fór frá þeim, en bátsmaðurinn kvaðst ekkert muna um það. Loftskiptamaðurinn, Robert Demare, var einnig leiddur sem vitni. Kvaðst hann ekkert muna eftir, að fiskibáturinn hafi komið að þeim í síðustu veiðiferð, en tók fram, að 3. september s.l. hefði togarinn verið að fiska 14—15 sjómílur frá Eldey. Öll þessi vitni tóku það fram, að þau vildu ekki vinna eið að framburði sínum.

Með eiðfestum framburði fjögurra skipverja á m/b Íslendingi þykir verða að líta svo á, að það sé sannað, að dufl það, er varðskipið Sæbjörg gerði mælingar við, hafi verið sett út á þeim stað eða í námunda við þann stað, sem togarinn Van Dyck, O 298, togaði á að morgni þess 3. september s. l. Virðist ljóst, m. a. af framburði ákærða og skipverja hans, að það hafi verið skip hans, sem m/b Íslendingur kom að í umrætt skipti. Staður duflsins samkvæmt mælingum varðskipsins er óvæfengdur, 2,3 sjómílur innan landhelgislínu, og getur því smá áætlunarskekkja um fjarlægð duflsins frá togaranum ekki skipt máli. Smávegis ósamræmi er í framburði skipverja m/b Íslendinga um nokkur atriði, sem ekki eru veigamikil og þykja ekki skipta máli í þessu sambandi. Verður samkvæmt framansögðu að telja sannað, að ákærði hafi að morgni þess 3. september s.l. verið að veiðum með botnvörpu innan fiskveiðitakmarkanna, sem ákveðin eru í reglugerð nr. 21/1952, sbr. lög 44/1948. Hefur hann þar með gerzt brotlegur

gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, sbr. lög nr. 82/1952, og ber að refsa honum fyrir það.

## II.

Fimmtudaginn 30. janúar s.l. tilkynnti stöðvarstjórinn í Höfn í Hornafirði Landhelgisgæzlunni, að Gunnar Fredriksen flugstjóri hjá Flugfélagi Íslands hefði kl. 11.28 sama dag séð tvo belgíska togara, O 298 og O 297, að veiðum í landhelgi út af Skaftafellsfjörum. Togarinn O 298 kvað hann hafa verið  $1\frac{3}{4}$  sjómílu suður af Hvalsíki, en togarann O 297 eina sjómílu NA af honum, eða  $1\frac{1}{4}$  sjómílu frá ströndinni. Með eiðfestum vitnisburði sínum hefur Gunnar Frederiksen staðfest að hafa séð ofangreind skip á veiðum á þeim stað og tíma, sem nú hefur verið greint. Kvaðst hann hafa flogið flugvél sinni mjög lágt, niður í 10 metra hæð yfir sjávarflöt, og hafi hann séð greinilega einkennisstafi beggja togaranna og einnig, að fiskur var á þilfari þeirra og botnvörpur þeirra í sjó. Fjarlægð togarans O 298 frá landi kvaðst hann hafa mælt með því að fljúga í hásuður frá landi til skipsins og taka tímann, er hann flaug yfir fjöruborðið, og einnig, er hann flaug yfir skipið. Þá athugaði hann einnig flughraðann. Fjarlægð hins togarans mældi hann á sama hátt. Veður var bjart og skyggni gott. Aðstoðarflugmaður í ferð þessari var Björn Guðmundsson, og aðstoðaði hann vitnið við mælingarnar, en ekki hefur hann verið leiddur sem vitni í máli þessu.

Af því tilefni, sem nú hefur verið lýst, ákvað forstöðumaður Landhelgisgæzlunnar að senda menn í flugvél til þess að athuga nefnda togara nánar og framkvæma nákvæmar staðarákvarðanir, ef unnt yrði. Klukkan 14,10 þenna sama dag var lagt af stað frá Reykjavíkurflugvelli á flugvélinni Glófaxes, TF-BA. Sigurður Ólafsson var flugstjóri, en auk hans og áhafnar flugvélarinnar voru eftirtaldir menn frá Landhelgisgæzlunni og sjómælingunum með í flugvélinni.

Pétur Sigurðsson, forstjóri Landhelgisgæzlunnar.

Gunnar Bergsteinsson sjómælingamaður.

Guðmundur Kjærnested, starfsmaður Landhelgisgæzlunnar

Richard Páll Ragnarsson sjómælingamaður.

Árni Eyþór Valdimarsson stýrimaður.

Hörður Þórhallsson stýrimaður.

Allir þessir menn svo og flugstjórinn gáfu skýrslu fyrir rétti og staðfestu hana með eiði.

Í skýrslu af flugi þessu, undirritaðri af vitnunum Pétri Sigurðs-

syni, Richardi Páli Ragnarssyni og Gunnari Bergsteinssyni, segir meðal annars:

„Út af Skaftafellsfjöru voru tveir belgískir togarar, O 298 og O 297, að veiðum grunsamlega nærri landi. Voru þeir athugaðir sérstaklega, og eftirfarandi staðarákvarðanir voru gerðar við þá:

Staðarákvörðun við togarann O 298 kl. 16.15:

Lómagnúpur  $\triangle$  misvísandi  $358^\circ$ , réttvísandi  $336^\circ$ , Súlnatindur (765 m.) misvísandi  $15^\circ$ , réttvísandi  $353^\circ$ .

Lómagnúpur >  $76^\circ 38''$ .  
Knappar

Og gefur þetta stað togarans  $63^\circ 45' 2$  n.br.,  $17^\circ 17'$  l. v. lg., sem er 3.8 sjómíllur innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum.

Og enn fremur segir í sömu skýrslu:

„Togarnir voru allstórir, gráir að lit, á austlægri stefnu og með vörpuna úti, O 297 á hægri ferð, en O 298 að byrja að hífa inn.

Veður: Allhvas norðan, léttskýjað, skyggni ágætt.

Mælingarnar gerði Páll Ragnarsson, og aðstoðaði Pétur Sigurðsson við mælingarnar. Hinir athuguðu sérstaklega skipin og tóku númer þeirra. Flogið var þrisvar sinnum yfir hvorn togara og yfirleitt í um 500 feta hæð.

Ekkert samband var haft við skipin.“

Vitnið Pétur Sigurðsson staðfesti skýrslu þessa fyrir réttinum.

Vitnið Richard Páll Ragnarsson kvaðst hafa unnið að mælingum þeim, er gerðar voru í ferð þessari, en kveðst ekki hafa séð einkennisstafi skipanna, en staðfesti skýrsluna annars að öllu leyti.

Vitnið Gunnar Bergsteinsson kveðst ekki hafa unnið að mælingum í ferðinni, en aðgætti togarana sérstaklega og einnig klukkuna og tímamerki, og hefur það staðfest skýrsluna rétta, að því er það geti um borið.

Vitnið Sigurður Ólafsson kvaðst hafa hagað fluginu eftir fyrir-mælum forstjóra Landhelgisgæzlunnar, og kvaðst það hafa séð númer skipanna, O 297 og O 298, á bógum þeirra, en nöfn hins vegar ekki. Vitnið kvaðst ekki hafa gert mælingar á skipunum, en að öðru leyti hefur það staðfest skýrsluna með eiðfestum framburði.

Vitnið Guðmundur Kjærnested, sem var þátttakandi í gæzlu-fluginu, kveðst ekki hafa unnið að mælingum í ferðinni, en var við einn glugga vélarinnar til þess að hafa gætur á skipum, er sæjust. Segir vitnið, að vestan við Ingólfshöfða hafi verið flogið lágt í björtu veðri yfir tveimur togurum, sem vitnið sá greinilega,

að voru á botnvörpuveiðum, og einnig sá vitnið greinilega einkennisstafi þeirra, en í réttarhaldinu 26. apríl s.l. kvaðst vitnið þó ekki muna, hverjir stafirnir væru, en það kveðst hafa skrifað stafina hjá sér til minnis strax á staðnum og gaf þá upp forstjóra Landhelgisgæzlunnar strax að fluginu loknu. Vitnið segir, að tveir eða þrír aðrir hafi aðgætt einkennisstafi skipa þessara, og hafi vitninu og þeim öllum borið saman um, hverjir stafirnir væru, en vitnið kveðst hafa athugað einkennisstafi skipanna í hvert sinn, sem flogið var yfir hvort skip.

Vitnið Árni Eyþór Valdimarsson kvaðst engar mælingar hafa gert í gæzluflugi þessu, en það hafi átt að gæta þess, hvaða skip sæjust úr flugvélinni og hvað þau væru að gera. Skammt vestan við Ingólfshöfða segir vitnið, að flogið hafi verið í björtu veðri og góðu skyggni yfir tveimur togurum, er greinilega hafi verið að veiðum. Hafi verið flogið mjög nærri togurunum og sveimað yfir þeim. Vitnið kveðst hafa séð einkennisstafi skipanna greinilega og muna, að þeir byrjuðu á O, en af því kveðst vitnið hafa ráðið, að þeir væru belgískir og frá Ostende. Á eftir stafnum O, segir vitnið, að hafi komið þrír tölustafir, sem vitnið kveðst í réttarhaldinu 26. apríl s.l. ekki muna, hverjir voru, en fleiri hafi verið í flugvélinni, er aðgættu stafina, og hafi þeim borið saman um, hverjir stafirnir væru.

Vitnið Hörður Þórhallsson kvaðst hafa haft því hlutverki að gegna í gæzlufluginu, að gæta að, hvaða skip sæjust og hvað þau væru að gera, en hins vegar hafi það ekki gert neinar mælingar í ferðinni. Kveðst vitnið hafa séð tvo togara, sem greinilega voru að veiðum, enda var flogið lágt yfir þá í björtu veðri og góðu skyggni. Vitnið sá einkennisstafi skipanna beggja, og mundi vitnið í réttarhaldi 26. apríl s.l., að annað skipanna bar einkennisstafina O 298 og að einkennisstafir hins byrjuðu einnig á O, en töluna mundi vitnið ekki. Vitnið kvaðst hafa skrifað einkennisstafina hjá sér strax á staðnum, og hafi það borið saman við það, er aðrir höfðu séð, og voru allir sammála um, hverjir stafirnir væru.

Rannsókn út af meintu broti togarans O 297 í umrætt skipti fór fram í apríl s.l. og leiddi til þess, að mál var höfðað gegn skipstjóra þess togarar og hann dæmdur í sakadómi Vestmannaeyja hinn 30. apríl s.l.

Er ákærði í máli þessu kom fyrir dóm hinn 29. f. m., neitaði hann staðfastlega að hafa verið skipstjóri á skipinu í janúar s.l. Er honum var sýnt fram á, að hann hafi komið hér í höfn hinn 13. janúar s.l. sem skipstjóri á skipinu, kvaðst hann að vísu hafa

verið skipstjóri í janúarbyrjun, en hafi verið farinn af skipinu 30. janúar s.l. Að tilhlutan dómsins var fengin skýrsla frá Commisarie Maritime í Ostende, sem var þess efnis, að ákærði hefði verið skipstjóri á togaranum Van Dyck 30. janúar s.l. Jafnframt var tekið fram í skýrslunni, að skipstjórinn hefði fengið afhenta sjódagbók skipsins við síðustu brottför skipsins frá Ostende, en því hafði ákærði neitað fyrir dóminum. Að fengnum þessum upplýsingum kannaðist ákærði við að hafa verið skipstjóri á skipinu þenna dag, en dagbókina kvaðst hann ekki vita um, ef hún hefði komið um borð, hlyti hún að vera glötuð. Rétturinn átti því ekki kost á að athuga dagbókina.

Ákærði lýsti því yfir í upphafi, að hann gæti ekkert sagt um, hvort hann hefði fiskað á þessum slóðum, sem um getur í kær- unni. Síðar lýsti hann því yfir, að hann hefði aldrei fiskað á þessum stað. Hugsanlegt sé, að hann hafi siglt um þessar slóðir, en hann staðhæfir, að hann hafi aldrei togað þar.

Ákærði skýrir frá því, að tveir af núverandi skipverjum hefðu verið á skipinu 30. janúar s.l. Báðir þessir menn, loftskeytamaðurinn og vélstjórinn, voru leiddir sem vitni. Ýmist kváðust þeir ekki muna um atvik þenna dag eða þeir neituðu að svara spurningum þar að lútandi. Bæði þessi vitni kváðust ekki staðfesta framburð sinn með eiði. Samkvæmt véladagbók skipsins hafði togarinn togað 19½ klukkustund þenna dag.

Af hálfu ákærða hefur því ákveðið verið haldið fram, að ekkert væri leggjandi upp úr staðarákvörðunum Landhelgisgæzlunnar, þar sem þær væru framkvæmdar í flugvél, en útilokað væri, að unnt sé að framkvæma nákvæmar mælingar við þau skilyrði. Þá hefur hann og haldið því fram, að einnig væri útilokað, að unnt væri að sjá úr flugvél, hvort togari sé að toga, og ekki væri heldur unnt að greina umdæmistölur skips úr flugvél. Með tilliti til þess, að veður var bjart og skyggni gott, þykir ekki ástæða til að draga í efa, að staðarákvarðanirnar séu réttar, þar sem þær voru framkvæmdar af vönum mönnum, og ekki þykir heldur ástæða til að rengja, að þeir hafi séð glögg umdæmistölur skipsins eða að þeir hafi séð togvíra skipsins. Verður því að telja sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu, Van Dyck, O 298, út af Vestri Melós, 3,8 sjómlíur innan landhelgislínu í umrætt sinn. Hefur hann þar með gerzt brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951 og lög nr. 82/1952, og ber að refsa honum fyrir það brot.

## III.

Samkvæmt mælingabréfi togarans, sem lá fyrir í dóminum, er hann að stærð 567.87 rúmlestir brúttó. Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 pappírskrónum.

Með tilvísun til þessa og þess, er að framan er ritað, þykir refsing ákærða samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, hæfilega ákveðin 120.000 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, er ákærða ber að greiða innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 10 mánuði.

Allan sakarkostnað ber ákærða að greiða og þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Theodórs Georgssonar lögfræðings, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 600.00.

## Dómsorð:

Ákærði, Henricus Boeyden, greiði kr. 120.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa og sæti ella varðhaldi í 10 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar og þar á meðal kr. 600.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Theodórs Georgssonar lögfræðings.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---